



Gunnar Björnsson
Formaður Samninganefndar ríkisins
Fjármálaráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
150 Reykjavík

Reykjavík 20. ágúst 2008

Efni: Túlkun Ljósmeðrafélags Íslands á gildandi undanþágulistum

Vegna yfirvofandi verkfalla félagsins hjá stofnunum ríkisins hefur af þess hálfu verið farið yfir undanþágulista fjármálaráðherra skv. 19. gr. laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986. Ástæða þess að tilefni þótti til þessa er það að gildandi undanþágulistar eru mjög gamlaðir orðin og sú tilgreining stöðugilda sem þar er að finna því orðin í verulegu ósamræmi við það stofnanaumhverfi sem nú er rekið á vegum ríkisins.

Til greina kemur að líta svo á að vegna þessa þ.e. að listarnir hafa ekki verið uppfærðir í 13 ár séu engar gildandi undanþágur frá verkfalli félagsins samkvæmt lögnum. LMFÍ kys þó ekki að túlka réttarástandið á þennan veg. Þess í stað hefur verið ákveðið að framkvæma verkfall félagsins þannig að undanþága frá því gildi samkvæmt listanum um þau störf þar sem unnt er að segja að tilgreining þeirra stofnanna sem í hlut á sé öldungis sambærileg því stofnanaumhverfi sem nú er til staðar. Í þeim tilvikum þar sem verulegar breytingar hafa orðið á skipulagi stofnanna þannig að segja megi að þau störf sem listinn tilgreinir séu ekki lengur til hefur hins vegar verið ákveðið að líta svo á að undanþága færist ekki yfir á aðrar stofnanir eða deildir sem eru ólíkar þeim sem undanþágulistinn tilgreinir.

Þá verður við túlkun undanþágulistans að hafa í huga að heimildin til að ákveða slíkar undanþágur sætir þröngri skýringu enda um að ræða sérstæða heimild til að undanþiggja frá löglegu verkfalli störf sem sinna verður vegna brýnna öryggis- og almannahagsmuna.

Hér fer á eftir yfirlit um afstöðu félagsins til undanþágulistans með tilliti til þess hvernig verkfallið verður framkvæmt hjá þeim stofnunum sem það nær til.

Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri


Ljósmeðrafélag Íslands óskar eftir upplýsingum sem fyrst, hvernig stofnunin hyggst nýta undanþágu sína á fæðingardeild sem tekur til einnar ljósmóður á vakt og einnar á bakvakt. Undanþágurnar taka ekki til annarra ljósmæðra í LMFÍ sem starfa í þjónustu stofnunarinnar.

Heilbrigðisstofnun Austurlands

Túlkun LMFÍ á undanþágulista er sú að Jónína Salný Guðmundsdóttir ljósmóðir sé undanþegin verkfalli og geti sinnt venjubundnum, daglegum störfum. Undanþágurnar taka ekki til annarra ljósmæðra í LMFÍ sem starfa í þjónustu stofnunarinnar.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Ljósmeðrafélag Íslands lítur svo á að skv. undanþágulista hafi Heilbrigðisstofnun Suðurlands gilda undanþágu sem nær til 4,9 stöðugilda á morgunvakt að því er varðar fæðingardeild Hsu. Þar sem fyrir liggur að mönnun á morgunvakt á þessari fæðingardeild hefur á undanfönum árum ekki verið svo ríkuleg, er ljóst að óheimilt er að nýta meira af undanþágunni en sem nemur þeirri mönnun sem tíðkast hefur á morgunvöktum á fæðingardeildinni. Undanþágurnar taka ekki til annarra ljósmæðra í LMFÍ sem starfa í þjónustu stofnunarinnar.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Að því er varðar Heilbrigðisstofnun Þingeyinga lítur Ljósmeðrafélag Íslands svo á að þar séu engar undanþága í gildi, enda voru þær undanþága sem getið er um á þrettán ára gömlum undanþágulista, bundnar við fæðingadeild Sjúkrahússins á Húsavík sem ekki er lengur starfrækt.

Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Ljósmeðrafélag Íslands óskar eftir upplýsingum hvernig stofnunin hyggst nýta undanþágu sína er tekur til eins stöðugildis ljósmóður. Minnt er á að óheimilt er að auka mönnun í verkfalli frá því er tíðkast í daglegri mönnun, þrátt fyrir að undanþáguheimild sé víðari en dagleg mönnun segir fyrir um.

Heilbrigðisstofnunin Siglufirði

Ljósmeðrafélag Íslands lítur svo á að engin undanþága sé í gildi hjá stofnuninni, þar sem undanþága þær sem getið er um á þrettán ára gömlum undanþágulista, eru bundnar við fæðingardeild Sjúkrahússins á Siglufirði sem ekki er lengur starfrækt.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Engin undanþága í gildi.

Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Ljósmeðrafélag Íslands óskar eftir upplýsingum sem fyrst, um það hvernig stofnunin hyggst nýta undanþágu þá sem tekur til 1,4 ljósmóður á gæsluvakt. Minnt er á að óheimilt er að auka mönnun í verkfalli frá því er tíðkast í daglegri mönnun, þrátt fyrir að undanþáguheimild sé víðari en dagleg mönnun segir fyrir um.

Undanþágurnar taka ekki til annarra ljósmæðra í LMFÍ sem starfa í þjónustu stofnunarinnar.

Sjúkrahúsið og heilsugæslan Akranesi

Ljósmeðrafélag Íslands óskar eftir upplýsingum sem fyrst, um það hvernig stofnunin hyggst nýta undanþágu sína sem tekur til 1,4 ljósmóður á vakt á fæðingar- og kvensjúkdómadeild. Undanþágurnar taka ekki til annarra ljósmæðra í LMFÍ sem starfa í þjónustu stofnunarinnar. Minnt er á að óheimilt er að auka mönnun í verkfalli frá því er tíðkast í daglegri mönnun, þrátt fyrir að undanþáguheimild sé víðari en dagleg mönnun segir fyrir um.

Heilsugæsla Höfuðborgarsvæðisins

Engin undanþága í gildi.

Heilsugæslustöðvar

Engin undanþága í gildi.

Landspítali Háskólasjúkrahús:

Tvær sængurkvendaeildir og tvær bráðadeildir: Að því er varðar undanþágu þess sem nefnt er Ríkisspítalar, sem LMFÍ fellst á að nái nú yfir Landspítala háskólasjúkrahús, má leiða af að í gildi sé undanþága fyrir Fæðingagang 23A, Sængurkvendaeild 22A og Vökudeildir 22A og 23A. Þar sem undanþágan tekur til bæði ljósmæðra og hjúkrunarfræðinga á þessum deildum, óskar LMFÍ eftir upplýsingum hvernig stofnunin hyggst nýta undanþágu ljósmæðra á þessum deildum. Minnt er á að óheimilt er að auka mönnun í verkfalli frá því er tíðkast í daglegri mönnun, þrátt fyrir að undanþáguheimild sé víðari en dagleg mönnun segir fyrir um.

Hreiðrið: Ljósmeðrafélag Íslands lítur svo á að sú undanþáguheimild sem tilgreind hafi verið fyrir MFS sé ekki lengur í gildi, þar sem grundvallarbreyting hefur orðið á starfsemi deildarinnar og



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS
(The Icelandic Midwives' Association)
Stofnað árið 1919

MFS ekki lengur til og sú starfsemi sem féll undir MFS er í grundvallaratriðum ekki lengur til staðar.

Meðgöngudeild

Engin undanþága í gildi.

Sónardeild

Engin undanþága í gildi.

Bráðamóttaka kvenna og Mæðravernd 21A - M

Engin undanþága í gildi.

Kvensjúkdómadeild 21A

Engin undanþága í gildi.

Undanþágurnar taka ekki til annarra ljósmæðra í LMFÍ sem starfa í þjónustu spítalans.

Virðingarfyllt,
f.h. Ljósmaðrafélags Íslands

Guðlaug Einarsdóttir
formaður

Afrit sent til: Ríkissáttasemjari, fjármálaráðherra, heilbrigðisráðherra, landlæknir, forstjórar hlutaðeigandi stofnana.